

Ed.

556. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

Sambljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 171, með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Til gullforða telst:

- a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
- b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skiru gulli.
- c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir $\frac{1}{4}$ alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn sedla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

Á eftir 51. gr. er komin ný grein, 52. gr., svo hljóðandi:

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

52.—69. gr. í stjórnarfrv. eru orðnar 53.—70. gr.

62. gr. (áður 61. gr.) hljóðar svo:

Kosning í landsbankanefndina fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1926. Þegar eftir að lög þessi eru gengin í gildi, skal sá, sem flest atkvæði hefir fengið við kosninguna í landsbankanefndina, kveðja nefndina til fundar og sjá um kosningu 4 manna í bankaráðið. Jafnframt skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fullu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1928.

64. gr. (áður 63. gr.) hljóðar svo:

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvísi semjist. Uppsagnarákvæði 38. gr. koma eigi til framkvæmda fyr en jafnóðum sem sæti losnar í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókari, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

69. gr. (áður 68. gr.) hljóðar svo:

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavixla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir allt að $\frac{5}{8}$ þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minnar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um $\frac{1}{4}$ miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.